**Arion banki hf.**

## Leiðbeiningar fyrir veitingu umboðs

# Launagreiðendavefur

Prókúruhafar geta veitt einstaklingum umboð til að sjá um málefni lögaðila á launagreiðendavef Arion banka. Einnig geta einstaklingar veitt öðrum umboð til að sinna sínum málefnum á launagreiðendavef Arion banka.

Til að gera það er farið á vefslóðina:

https://login.signet.is/Home/Form/18

Umboðsveitandi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum.




Eftir innskráningu þarf að fara efst í hægra hornið opna örina til að opna fellibox og velja: „Veita umboð".




Hægra megin á síðunni má sjá reitinn:




Skrifa „arion" í leit, þá kemur upp: „Umboð til að sýsla á launagreiðendavef Arion banka"
Velja „Veita"




Haka þarf í að veita umboð fyrir lögaðila, hægt er að veita umboð fyrir þá lögaðila sem viðkomandi hefur prókúru fyrir.

Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang að vef Arion banki hf. inn í reitinn “Umboðshafi”.
Setjið dagsetningu í reitinn „Gildir til“ sem tilgreinir hversu lengi starfsmaðurinn á að hafa aðgang að vefsíðunni, t.d. tveimur árum frá deginum í dag.
Velja „Veita umboð“
Upp kemur gluggi um að staðfesta umboðið. Eftir að búið er að staðfesta á umboðið að vera tilbúið.

## Dæmi um útfyllt form




Eftir að ýtt hefur verið á „Vista form“ birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna




Þegar smellt er á „Staðfesta“, fer vinnsla af stað þar sem umboðið er smíðað og umboðsskjal innsiglað.



Þegar umboðið hefur verið smíðað birtist mynd sem staðfestir umboðið. Ef veita á fleiri einstaklingum umboð er smellt á „Veita annað umboð“.



# Innskráning á launagreiðendavef Arion banka.

Notendur sem hafa fengið aðgang að mínum síðum hjá Arion banki hf. geta skráð sig inn í vefinn með því að fara á vefslóðina
https://www.arionbanki.is/einstaklingar/sparnadur/vidbotarsparnadur/launagreidendur/
og velja þar að smella á hnappinn “Opna launagreiðendavef”.




Þá er notandinn sendur á valmynd, þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum




Að auðkenningu lokinni er kannað hvort viðkomandi notandi hafi skráð umboð. Ef notandinn hefur engin skráð umboð, skráist hann inn á vefinn án umboðs. Hafi viðkomandi notandi skráð umboð, þá birtist gluggi með lista yfir þau umboð sem notandinn hefur.Notandin merkir við línu þess fyrirtækis sem viðkomandi vill skrá sig inn í umboði fyrir.  Að því loknu er smellt á “Áfram”

Ef notandinn velur að skrá sig inn án umboðs, er hann skráður inn á sinn eigin aðgang í stað þess að skrá sig inn fyrir hönd þess aðila sem hann er með umboð fyrir.




Og þá birtist vefur launagreiðendavefurinn.